

## 42. Stjórnarfundur Nýheima 14. 1. 2015

### Fundur hefst í fundarherbergi Nýheima kl. 8:30

Mættir eru: Ragnhildur Jónsdóttir, Þórarinn E. Sveinsson, Davíð A. Stefánsson, Árdís E. Halldórsdóttir, Þorvarður Árnason, Helga Árnadóttir, Zophonías Torfason og Hrafnkell Guðnason sem fundar í gegnum skype.

**Fundarstjórn:** Árdís Erna Halldórsdóttir

**Ritari:** Helga Árnadóttir

**Forföll kynntu:** Vala Garðarsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Nína Síbyl Birgisdóttir

### Dagskrá:

#### 1. Opposing force.

Davíð kynnir heimsókn Lottu Svenson og Ann-Sofie Gustafsson 19.-22. janúar. Dagana 20. og 21. janúar verða vinnufundir þar sem staða verkefnisins verður kynnt. Davíð rennir yfir dagskrá fundarins, m.a. til að fá hugmyndir frá stjórn. Hann hvetur stjórn einnig til að taka þátt í fundinum. Á þriðjudeginum koma fulltrúar frá Landsbyggðin lifir, Stefanía og Sigíður Gísladætur frá Kópaskeri, sem og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður samtakanna. Á miðvikudag verður áherslan á þátttöku NP í vinnufundi. Gunnar Þór Jóhannesson, lektor ferðamálafræði við HÍ, kemur líka á miðvikudagsfund. Davíð mun kynna stöðu verkefnis, Hugrún Harpa Reynisdóttir mun kynna könnun og Margrét Gauja Magnúsdóttir kynnir jafningjafræðslu. Sameiginlegur kvöldverður um kvöldið. Rætt um fyrirkomulag og hugmyndir fyrir miðvikudagsfund. Ragnhildur mun ræða við bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, til að kynna fyrir honum fyrirhugaðan vinnufund og bjóða honum að taka þátt.

Þorri kynnir hugmynd um að Gunnar Þór stýri rannsókn um NP, á starfsemi hugmyndafræði og stöðu. Rætt um hugmyndir um að gera samanburðarrannsókn við Söderham (CFL) eins og kom til umræðu í ferð árið 2012. Lögð er áhersla á að nú þegar eru komin góð tengsl milli aðila á Höfn og Söderham. Þórarinn vekur athygli á forriti (Monkey Survey) sem hægt er að nota fyrir skoðanakannanir.

Þórarinn bendir einnig á að SASS muni bjóða upp á styrki fyrir mastersnema í hagnýtum verkefnum. Hrafnkell bendir á styrki úr Vísinda- og rannsóknarsjóði Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands til BS/BA, MS og doktorsnema.

*Helga Árnadóttir*  
*Árdís E. Halldórsdóttir*

## 2. Praktísk stefnumótun NP.

Stjórn minnt á að halda áfram að vinna að stefnumótun NP. Lögð áhersla á þau verkefni sem aðilar NP vinna í sameiningu og skv. hugmyndafræði NP. Davíð falið að finna tíma og stað sem fyrst fyrir góðan, hálf dagsfund stjórnar til að klára þessa vinnu. Í framhaldinu að setja niður fund með Klaustri.

Önnur mál.

- Davíð segir frá því að hann hafi rætt við Erasmus+ varðandi mennta- og menningartengda styrki. Stefnt að því að fá kynningu frá þeim á Höfn í kringum næstu mánaðarmót.
- Þórarinn kynnr nýja stöðu verkefnastjóra SASS á Klaustri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 9.40.

Helga Amundsdóttir  
Arður Einar Hallgrímsson